

Flúðum 16.10.2020

Berist til:

Sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Efni: Styrktarbeiðni frá Reiðhöllinni á Flúðum.

Reiðhöllin á Flúðum er í eigu að stærstum hluta, Hestamannafélaganna Smára og Loga. Höllin er byggð upp af sjálfboðaliðaafli og hefur mikill tími félagsmanna og velunnara farið í að koma höllinni upp og í það horf sem hún er í dag. Reksturinn hefur gengið brösuglega og ljóst er að það þarf meira fjármagn inní hann til að halda höllinni gangandi. Nú í ár hefur Covid-19 sett strik í reikninginn og fjáröflunartækifæri eru fá sem gerir það að verkum að en minni tekjur er að koma inn.

Reiðhöllin er mikið notuð af meðlimum hestamannafélaganna og má segja að með tilkomu hennar hafi aðstaða til íþróttaiðkunar í hestaíþróttum breyst til mikilla muna hvort sem er fyrir börn eða fullorðna og mikil lyftistöng fyrir hestamennsku á svæðinu.

Höllin er mikið notuð og frábært að geta geta boðið upp á þessa íþróttaaðstöðu hér á svæðinu.

Stjórnin leitar allra leiða til að geta rekið höllina og vill með þessu bréfi óska eftir styrk frá Skeiða- og Gnúpverjahrepp.

Ósk stjórnar er að gera samstarfssamning um árlegan styrk til hallarinnar frá sveitarfélaginu.

Meðfylgjandi er ársreikningur síðasta árs.

Fyrir hönd stjórnar

Guðni Árnason, formaður

S:856-1136

reidhollinfludum@gmail.com

Beiðnin er einnig send á sveitarstjórnir Hrunamannahrepps og Bláskógabyggðar.